

## **2. fundur Samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu**

**3. nóvember 2009, kl. 14:00**

### **FUNDARGERÐ**

Fundinn sátu:

Fundarstjóri: Valgerður Sverrisdóttir (formaður)

Fulltrúar í samstarfsráði: Ásgerður Jóna Flosadóttir, Drífa Hjartardóttir, Geir Gunnlaugsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Helga Sigrún Harðardóttir, Jónas Þ. Þórisson, Páll Jensson, Ragnar Gunnarsson, Steinunn Gyðu-Guðjónsdóttir, Ulla Magnússon og Þórir Guðmundsson.

Fundinn sátu einnig: Bergsteinn Jónsson (Landsnefnd UNICEF) og Margrét Lind Ólafsdóttir (Barnaheill)

Starfsmenn utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSI): Guðni Bragason, Elín R. Sigurðardóttir, Hermann Örn Ingólfsson, Sighvatur Björgvinsson, Þórdís Sigurðardóttir og Þórður Bjarni Guðjónsson.

#### **Inngangsorð formanns**

Formaður setti fundinn og bauð fulltrúa í samstarfsráðinu velkomna til annars fundar ráðsins. Formaður vísaði til bréfs, dags. 7. maí 2009, um umræður fyrsta fundar ráðsins sem sent var utanríkisráðherra og afrit sent öllum fulltrúum í ráðinu. Einnig vísaði formaður til óformlegs kynningarfundar um störf að þróunarsamvinnu og hjálparstarfi á vettvangi, sem haldinn var fyrir samstarfsráðið hinn 17. ágúst sl.

#### **1. Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð fyrsta fundar samtstarfsráðsins, 24. mars 2009, samþykkt án athugasemda.

#### **2. Störf frjálsra félagasamtaka á Íslandi á sviði þróunarsamvinnu og neyðaraðstoðar**

Ragnar Gunnarsson kynnti störf samstarfshóps íslenskra mannúðarsamtaka í alþjóðlegu hjálparstarfi og þróunarsamvinnu og helstu áherslur og verkefni eftirfarandi samtaka sem aðild eiga að samstarfshópnum: ABC barnahjálp, Barnaheill, Hjálparstarf kirkjunnar,

Kristniboðssambandið, Landsnefnd UNIFEM, Landsnefnd UNICEF, Rauði kross Íslands og SOS barnaþorpin.

Fjallað var um hlutverk samtakanna, umfang aðstoðar þeirra, stuðning almennings á Íslandi, samanburð við störf samtaka í nágrannalöndum og samstarf þeirra við utanríkisráðuneytið og ÞSSÍ. Auk þess var fjallað um skattalegt umhverfi félagasamtaka á Íslandi og hvernig framlög til þeirra eru skilgreind í fjárlögum.

Ákveðið var að gera tillögu til utanríkisráðherra um að sérstökum fjárlagalið ætluðum þróunarverkefnum félagasamtaka verði bætt í fjárlög.

### **3. Áhrif niðurskurðar í ríkisútgjöldum á þróunarsamvinnu Íslands**

Hermann Ingólfsson, sviðsstjóri þróunarsamvinnusviðs utanríkisráðuneytisins, og Sighvatur Björgvinsson, framkvæmdastjóri ÞSSÍ, kynntu áhrif niðurskurðar í ríkisútgjöldum á þróunarsamvinnu Ísland. Umræður og skoðanaskipti fóru fram um þær upplýsingar sem fram komu.

### **4. Önnur mál**

#### ***a. Áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands***

Samkvæmt ákvæði þróunarsamvinnulaga nr. 121/2008 leggur utanríkisráðherra fram tillögu til þingsályktunar á Alþingi um áætlun stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands til fjögurra ára í senn.

Upplýst var að vinnu við áætlunina hafi verið seinkað m.a. til að hægt verði að taka tillit til hugsanlegra ákvarðana loftslagsráðstefnu SP í Kaupmannahöfn í desember. Gert er ráð fyrir að drög að áætluninni verði til umfjöllunar á næsta fundi ráðsins.

#### ***b. Reglugerð um framkvæmd þróunarsamvinnu Íslands***

Reglugerð um framkvæmd þróunarsamvinnu Íslands sem undirrituð var af utanríkisráðherra hinn 23. október 2009 var lögð fram á fundinum.

Fundi slitið kl. 16:15